

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

*Fellagarðar, Breiðholt III.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fellagarðar, Drafnarfell, Eddufell og Völvufell.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. júlí 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 809, 20. nóvember 2002, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

2. mgr. 1. tl. 1. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 15. apríl að stunda veiðar á svæði á „Mehlsack“ sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63° 26'77 N – 25° 23'25 V
2. 63° 06'50 N – 24° 44'30 V
3. 63° 03'36 N – 24° 55'51 V
4. 63° 19'00 N – 25° 32'00 V
5. 63° 21'95 N – 25° 39'65 V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 22. júlí 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júlí 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*